

15. FUNDUR STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

STARFSÁRIÐ 2019-2020

Mánudaginn 25. maí kl. 18:00 var haldinn fimmtándi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins í Síðumúla.

Mætt voru Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson auk varamanns Guðna B. Guðnasonar.

Guðný Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ tók þátt í fundinum.

Guðbjörg Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá er sem hér segir:

1. Aðalfundur HRFÍ

Slakað hefur verið nægjanlega á fjöldatakmörkunum vegna Covid-19 faraldursins til að hægt sé að boða til aðalfundar og er unnið að almennum undirbúningi.

Ákveðið að boða til aðalfundar HRFÍ 10. júní næstkomandi og verður fundurinn haldinn í sal Verslunarskóla Íslands.

Úr aðalstjórn ganga Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Þorsteinn Thorsteinson og úr varastjórn Guðbjörg Guðmundsdóttir. Í framboði til aðalstjórnar eru Auður Sif Sigurgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir. Í framboði til varastjórnar er Anna Guðjónsdóttir.

2. Beiðni um afléttingu ræktunarbanns hjá dvergschnauzer – erindi frá félagsmönnum

Í framhaldi af umræðum síðasta fundar er fulltrúum Ræktunar- og staðlanefndar sem og Vísindanefndar félagsins boðið á fundinn. Frá Ræktunar- og staðlanefnd kemur Anna D. Hermannsdóttir og frá vísindanefnd Silja Unnarsdóttir.

1. desember 2019 tók gildi ákvæði í reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók fyrir dvergschnauzer sem heimilar notkun arfbera fyrir ákveðna gerð af arfgengri vaxandi sjónurýrnun í ræktun, PRA type b. Farið er fram á afléttingu ræktunarbanns þriggja hunda. Tveir þeirra eru í ræktunarbanni á grundvelli foreldris sem greint er með PRA type b en eru sjálfir augnskoðaðir án athugasemda. Hjá báðum liggur fyrir DNA próf sem staðfestir að þeir eru arfberar fyrir PRA type b. Þriðji hundurinn er greindur með grun um PRA, er greindur arfberi fyrir PRA type b en hreinn af PRA type a.

Eftirfarandi ákvæði um arfgenga vaxandi sjónurýrnun má finna í reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók og gildir um allar tegundir:

4. HRFÍ stendur reglulega fyrir augnskoðunum og skráir niðurstöður þeirra í ættbók. Um öll hundakyn gildir að greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) er hann settur í ræktunarbann og fást hvolpar undan honum

ekki ættbókarfærðir. Að sama skapi eru foreldrar, systkini og áður skráð afkvæmi hundsins sett í ræktunarbann, nema sýnt sé fram á með DNA prófi að hundarnir séu hreinir af öllum þeim PRA gerðum sem þekkt eru í kyninu. Þekktan PRA bera má einungis para við arfhreinan hund.

Í sömu reglugerð gildir eftirfarandi ákvæði fyrir dvergschnauzer:

Öll undaneldisdýr skulu DNA -type prófuð og greiningin sé Normal/Clear (N/C) eða séu sannanlega ekki sýkt vegna erfða frá PRA B foreldrum, Normal/Clear by parentage (N/C/P). Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn. Ræktunardýr sem eru undan PRA B fríum foreldrum þarf ekki að DNA testa við sjúkdómnum. Regla þessi tekur gildi 1.12.2019

Bæði Ræktunar- og staðlanefnd og Vísindanefnd leggja gegn afnámi ræktunarbanns. Um er að ræða alvarlegan sjúkdóm og fulltrúar nefndanna benda á að þótt fyrir liggi próf varðandi PRA type b þá útiloki það ekki aðrar gerðir af PRA sem til eru í tegundinni og að ekki sé hægt að prófa fyrir þeim öllum í dag.

Umræður um málið með fulltrúum nefndanna og eftir að þær hafa vikið af fundi er niðurstaða stjórnar að aflétta ekki ræktunarbanni á umræddum hundum.

3. Ræktunarskilyrði einstakra hundakynja í Reglugerð HRFÍ um skráningu í ættbók – erindi frá Ræktunar- og staðlanefnd (fylgiskjöl 1-8)

Ræktunar- og staðlanefnd hefur unnið að endurskoðun á sérreglum einstakra hundakynja í reglugerð félagsins um skráningu í ættbók og skilar nú af sér fullmótuðum tillögum. Nefndin lagði mikla vinnu í upplýsingaöflun áður en tillögurnar voru mótaðar. Einkum var litið til ræktunarreglna í heimalandi hvernar tegundar sem og Norðurlandanna.

Nefndin áformaði að funda með fulltrúum hvernar ræktunardeildar en vegna aðstæðna í þjóðfélaginu var ekki hægt að halda alla fundina. Þess í stað kynnti nefndin tillögur sínar með tölvupóstum til deildanna og þeim gefinn frestur til að leggja til breytingar. Ekki komu svör frá öllum deildum en í flestum tilvikum var tekið tillit til athugasemda en tvær deildir svöruðu eftir að nefndin hafði lokið endurskoðun.

Ræktunar- og staðlanefnd leggur til aukna samræmingu á gildistíma augnskoðana og að almennar reglur gildi um tímalengd augnskoðanna nema þar sem sérstaklega hafa komið fram rök um annað. Nefndin leggur einnig til samræmdan gildistíma á hnéskeljavottorðum og samræmingu á lágmarksaldri tíka fyrir pörun en þó með þeim fyrirvara að ræktunardeildir smærri hundakynja geti óskað eftir aðeins lægri lágmarksaldri.

Ein stærsta breytingartillagan er að N/C/P (Normal/Clear by Parentage) stimpill vegna DNA niðurstaðna sé ekki látinn ganga niður lengur en eina kynslóð. Ástæða þessarar breytingartillögu er að greiningarfyrirtæki votta ekki niðurstöðu lengra en eina kynslóð í einu vegna hættu á stökkbreytingum, rangri skráningu eða galla í niðurstöðum.

Stjórn Shih Tzu deildar óskar eftir frest á ákvörðun stjórnar varðandi ræktunarskilyrði shih tzu en samkvæmt tillögum Ræktunar- og staðlanefndar er gerð krafa um hnéskeljavottorð sem samkvæmt deildinni hefur ekki verið vandamál í shih tzu hér á landi.

Umræður um tillögur Ræktunar- og staðlanefndar og ákveðið að boða nefndina á næsta fund stjórnar þar sem tillögurnar verða kynntar nánar. Einnig ákveðið að senda tillögur nefndarinnar til yfirlstrar hjá Vísindanefnd.

4. Önnur mál

a. Nýr tengiliður í DÍF

Sóley Ragna Ragnarsdóttir er skipuð fulltrúi stjórnar HRFÍ í stjórn Deildar íslenska fjárhundsins til næstu tveggja ára á grundvelli III kafla, 8 gr starfsreglna ræktunardeilda:

8. Deild íslenska fjárhundsins ber ábyrgð á verndun, ræktun og heilbrigði íslenska fjárhundsins í umboði stjórnar HRFÍ. Stjórn tilnefnir því fulltrúa sinn í stjórn deildarinnar til tveggja ára í senn. Fulltrúinn situr sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt í stjórn DÍF og er hlutverk hans að vera sérstakur tengiliður milli stjórnar HRFÍ og DÍF um málefni sem varða íslenska fjárhundinn.

Fundi slitið 20:52